

Samningur um framlengingu samnings Strætó bs. og Hagvagna hf.

Samningskaup nr. 13446

Samningur þessi snýr að framlengingu á samningi Strætó bs. og Hagvagna hf. frá desember 2015 um Akstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu (Samningskaup nr. 13446).

Eins og kemur fram í kafla 0.6.2.1 þá hefur rekstraraðilinn rétt á framlengingu samningstímans um allt að 4 ár, allt að tvisvar sinnum um 2 ár í hvert skipti. Skilyrði fyrir framlengingu eru að rekstraraðili veiti lágmarks gæði m.t.t. ánægju viðskiptavina (gæðavísir), lágmarks aksturshlutfall (þjónustugráða) og fer ekki yfir ákveðið hámark sekta, sem er 0,13% af árlegri samningsfjárhæð rekstraraðila.

Gæðavísitala

Í meðfylgjandi töflu má sjá útreikninga á gæðavísitölu Hagvagna hf. sem unnir eru út frá Viðhorfskönnun Strætó 2018. Einungis voru leiðir 11 og 13 notaðar í útreikningunum þar sem ekki fékkst nægur fjöldi svara fyrir aðrar leiðir sem Hagvagnar hf. aka. Lágmarksgæðavísir í samningskaupunum var 39.0 og því hafa Hagvagnar hf. veitt lágmarks gæði samkvæmt samningi. Hins vegar var boðinn gæðavísir Hagvagna hf. 45.72 og því hefur boðinn gæðavísir ekki verið uppfylltur.


	Einkunn	Mikilvægi	Hluti af gæðavísi
Hitastigið í vagninum	3.85	1.11	4.27
Umhirða vagnsins að innan	3.85	1.11	4.27
Mætti á réttum tíma	4.05	3.33	13.49
Viðmót vagnstjórans	4.00	2.22	8.88
Aksturslag vagnstjórans	3.85	1.67	6.43
Ferðin í heild sinni	4.15	0.56	2.32
Gæðavísir samtals			39.67

Lágmarks aksturshlutfall

Boðið aksturshlutfall Hagvagna hf. var 99.93%. Lágmarkskrafa á innkaupaeiningu í samningskaupunum er ákvörðuð 99,90%. Hingað til hefur aksturshlutfall ekki verið reiknað út.

Sektir

Í meðfylgjandi töflu má finna samantekt á þeim sektum sem Hagvagnar hf. hafa fengið á fyrstu þremur árum samningstímabilsins. Eins og sjá má í töflu hefur hlutfall sekta Hagvagna hf. verið undir hámarki á tímabilinu.



Sektir til verktaka		
Hagvagnar hf.		
Tímabil	Krafið	Viðmið
Ágúst 16 - júlí 17	0	923,417
Ágúst 17 - júlí 18	293,233	1,034,985
Ágúst 18 - júlí 19	691,911	1,112,501
Alls	985,144	3,070,903
Meðaltal	0.04%	0.13%

Niðurstaða

Strætó bs. hefur yfirfarið ofangreind atriði og komist að þeirri niðurstöðu að rekstraraðilinn Hagvagnar hf. eigi rétt á framlengingu samnings.

Undirritaðir aðilar, annars vegar Byggðasamlag Strætó bs., kt. 500501-3160, og hins vegar Hagvagnar hf. kt.: 461291-1399 samþykkja hér með framlengingu samnings Strætó bs. og Hagvagna hf., um Akstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu, Samningskaup nr. 13446, um 2 ár, frá upphafi vetraraksturs í ágúst 2020 til loka sumaraksturs í ágúst 2022.

Að öðru leyti er vísað til samnings Strætó bs. og Hagvagna hf. frá desember 2015 um Akstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu (Samningskaup nr. 13446).

Staður

Reykjavík

Dagsetning

19.12.2019

Kaupandiþjónusta

Ólafur Rann
F.h. Strætó bs.

Rekstraraðili

Hgúis ÞARALASSON
F.h. Hagvagna hf.